

## 1234. Stjórnarfundur VR

Haldinn mánudaginn 17. október 2022, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð og í fjarfundi.

**Mætt á staðfund voru:** Ragnar Þór Ingólfsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Jón Steinar Brynjarsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sem ritaði fundargerð.

**Mætt á fjarfund voru:** Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir og Arnþór Sigurðsson varamaður.

**Fjarverandi var:** Harpa Sævarsdóttir.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð 1233. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1133. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

#### 2. Kjaramál – staðan

Fyrir fundinum lá skjalið „Kjarasamningar\_2022“ til kynningar.

Ragnar Þór fór yfir stöðuna í kjaramálum, fyrirhugaður er fundur á morgun [18. október] með Samtökum atvinnulífsins. VR hefur ekki myndað bandalög með öðrum samböndum en Landssambandi ísl. verzlunarmanna en það gæti breyst. Við munum ekki sitja á hliðarlínunni og bíða heldur hefja viðræður.

Stefán fór yfir glærur um stöðuna í hagkerfinu. Hann benti á að fréttir hafi birst undanfarið um að afkoma hafi batnað milli ára hjá stærstum hluta fyrirtækja og í öllum greinum. Ferðaþjónustan er komin á fullt, að því er segir í frétt frá Íslandsbanka. Sé lítið til landsframléiðslu er ljóst að við erum búin að ná okkur eftir niðursveifluna vegna Covid. Útflutningsgreinar hafa sjaldan staðið betur.

Launahlutfall á almennum vinnumarkaði er tæplega 55% en þetta hlutfall sýnir hvað laun eru stór hluti af landsframléiðslu. Verðbólguvæntingar á skuldabréfamarkaði hækkuðu mikið 2021 og inn í 2022 á sama tíma og verðbólga hækkaði en vísbendingar eru um að væntingar fari lækkandi.

Stefán benti einnig á að lítið skammtímasamband hafi verið milli launa og verðbólgu á árunum 2010 til 2022, sambandið hafi frekar verið neikvætt en jákvætt.



Ragnar Þór benti á að aðstæður séu ágætær og allar forsendur fyrir félagið til að sækja kjarabætur.

Umræður.

### 3. Staða eftir ASÍ þing

Ragnar fór stuttlega yfir atburðarrás nýafstaðins þings Alþýðusambandsins og sagði hana því miður hafa verið í takti við það sem hann hafi óttast og í samræmi við greinarskrif ýmissa aðila í aðdraganda þess. Hann hafi metið það svo að staðan myndi ekki breytast hvað sem yrði, sem hafi sýnt sig, þessu hafi ekki linnt þó hann hafi stigið til hliðar sem frambjóðandi til forseta sambandsins. Ragnar sagði ljóst að markmiðið hafi m.a. verið að veikja mjög umboð hans í kosningum til forseta sem og veikja miðstjórn. Hópurinn sem að baki þessu stóð hafi hins vegar ekki haft traust til að halda áfram eftir að hann [Ragnar] dró framboð sitt til forseta tilbaka.

Ragnar sagði að VR ætti að vera viðbúið því að atлага yrði gerð að félaginu. Slíkt væri þegar hafið með umfjöllun í fjölmiðlum um óeiningu innan VR sem ekki væri nokkur fótur fyrir.

Ragnar sagði VR nú einbeita sér að verkefnum félagsins og muni láta verkin tala. Þingið hafi óskað eftir andrými. Umræða um næstu skref muni eiga sér stað eftir kjarasamninga.

Umræður.

Ragnar óskar eftir samþykki fyrir því að lengja fund til kl. 21:30.

Samþykkt.

### 4. Frumvarp um breytingar á aðild að stéttarfélögum

Fyrir fundinn óskaði stjórnarmaðurinn Helga Ingólfssdóttir eftir að þessum dagskrárlið yrði bætt við. Ragnar Þór gaf henni orðið.

Helga lýsti yfir áhyggjum af frumvarpinu. Ýjað væri að því að frumvarpið auki réttindi launafólks sem ekki sé rétt, frumvarpið jafngildi m.a. afnámi verkfallsréttar. Helga benti á að frumvarpinu hafi ekki verið vísað til nefndar.

Helga óskaði eftir því að VR rýni frumvarpið og setji fram afstöðu.

Umræður.

Ragnar lagði fram tillögu að frumvarpið verði rýnt og skrifuð verði greinargerð / umsögn.

Samþykkt samhljóða.

## 5. Skipulag á skrifstofu VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Skipurit VR tillaga“ til kynningar og afgreiðslu.

Stefán Sveinbjörnsson sagði skrifstofu VR reglulega rýna skipulag félagsins og hvernig hægt sé að þjónusta félagsfólk betur.

Hann fór því næst yfir glærur um starfsemi félagsins og helstu verkefni sviða þess. Því næst fór hann yfir tillögu að breytingum á skipulagi sem fela í sér að skipta upp einu sviði félagsins í tvö, Þjónustusvið og Mannauðssvið. Hann fór því næst yfir verkefni sem falla myнду undir hvort svið fyrir sig og aðrar tilfærslur verkefna.

Umræður.

Ragnar Þór lagði tillöguna fram til atkvæðagreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

## 6. Fjárfestingastefna VR

Stefán lagði fram skjalið „Fjárfestingastefna VR 2022“.

Stefán lagði til að þessum lið yrði frestað að öðru leyti en kynningu á skjali um ávöxtun hlutabréfa, sbr. ósk frá síðasta stjórnarfund. Á síðasta stjórnarfund hafi einnig verið óskað eftir því að fulltrúar Íslandsbanka kæmu á þennan fund stjórnar til að ræða fjárfestingar og fjárfestingarstefnu félagsins en þau hafi því miður ekki haft tæk á því.

Umræður.

Tillaga um frestun þessa liðar lögð fram.

Samþykkt samhljóða.

Stefán fór því næst yfir fjárfestingastefnu VR og ávöxtun eignarflokka. Hann benti á að ávöxtun á skuldabréfum er lægri en á hlutabréfum sem aftur sveiflast meira.

Umræður.

## 7. Kaup á gjafabréfum af Play

Fyrir fundinum lá minnisblað frá Orlofsnefnd VR „Gjafabréf Play“ til kynningar og afgreiðslu.

Stefán sagði frá því að Orlofsnefnd VR hafi fundað og samþykkt að skoða möguleikann á viðskiptum við Play, að fengnu samþykki stjórnar félagsins, þannig að félagsfólk geti keypt gjafabréf af Play með svipuðum hætti og það geti nú keypt gjafabréf af Icelandair. Stefán fór því næst yfir skjalið og tilboð Play.

Umræður.

Ragnar Þór lagði fram til atkvæðagreiðslu tillögu um að ganga til viðskipta við Play.

Samþykkt voru 6.

Andvíg voru 6.

Tillagan var felld á jöfnu.

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir bókaði hjásetu.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir bókaði hjásetu.

Helga Ingólfssdóttir bókaði mótatkvæði.

## 8. Staða á verkefnum

Fyrir fundinum lá skjalið „Verkefnastaða hjá VR“.

Ragnar Þór ræðir stöðu Blævar húsnæðisfélags. Hann sagði stöðuna á því verkefni óbreytta hvað sem liði atburðum innan ASÍ og á nýafstöðu þingi sambandsins. VR væri með verkefnið sem væri nú komið í hönnunar- og skipulagsferli. Umræður stæðu yfir við verktaka, en ekki væri búið að taka afstöðu hvað það varðar. Stefnt er að skóflustungu í febrúar eða byrjun mars.

Stefán lagði fram yfirlit yfir verkefni í gangi hjá félaginu og stöðuna hjá Verkefnastofu VR. Farið er yfir stöðu verkefna 2svar sinnum á ári á fundi með stjórn, á stjórnarfundum í apríl og október. Stefán fjallaði stuttlega um hvaða verkefni væru í gangi, hverjum væri lokið og hvaða verkefni væru framundan.

Umræður.

## 9. Breytingar á reglum Öldungaráðs

Fyrir fundinum lá skjalið „Hlutverk Öldungadeildar – Breyting á 5. grein“ til afgreiðslu.

Stefán fór yfir tillögu að breytingu á gr. 5 í starfsreglum Öldungadeildar þar sem kveðið er á um skipan Öldungaráðs VR sem er forystusveit Öldungadeildar. Lagt er til að kosnir verði tveir varamenn í ráðið til tveggja ára.

Umræður.

Tillaga um breytingar á starfsreglum Öldungadeildar lögð fram til atkvæðagreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

Starfsreglur Öldungadeildar VR eru þá sem hér segir, breyting sem samþykkt var merkt með rauðu lettri:

### Starfsreglur og hlutverk Öldungadeildar VR

#### 1.gr.

Öldungadeild VR er baráttuhópur fyrir réttindum aldraðra auk þess að vera umræðu- og samráðsvettvangur allra þeirra sem einhvern tíma hafa greitt iðgjöld til VR og eru 65 ára og eldri.

Hlutverk þeirra er að móta og endurskoða stefnu félagsins hverju sinni í málefnum eldri félagsmanna.

#### 2.gr.

Öldungadeild VR leitar samvinnu við önnur stéttarfélag og hagsmunasamtök eldri borgara sem berjast fyrir réttindum launafólks og eldri borgara gagnvart atvinnurekendum, lífeyrissjóðum og ríkisvaldi.

### **3.gr.**

Öldungadeild VR skal funda að jafnaði fjórum sinnum á ári. Slíkir fundir geta verið jafnt með hefðbundnum hætti eða sem fjöldafundur almennra borgara, mótmælafundur, ráðstefna um málefni aldraðra, og/eða í samvinnu við önnur félög og samtök.

Öldungadeild VR skal funda svo oft sem Öldungaráði þykir tilefni til. Slíkir fundir geta verið jafnt með hefðbundnum hætti eða sem fjöldafundur almennra borgara, mótmælafundur, ráðstefna um málefni aldraðra, og/eða í samvinnu við önnur félög og samtök.

### **4.gr.**

Öldungadeild VR ályktar um þau málefni og baráttumál sem það fjallar um og kemur slíkum ályktunum á framfæri í fjölmiðlum og á vettvangi félagsins.

### **5.gr.**

Forystusveit Öldungadeildar VR - Öldungaráð VR – skal skipað 6 eldri félagsmönnum með jöfnum kynjahlutföllum sem skipta sjálf með sér verkum. Í Öldungaráð VR er skipað annað hvert ár þar sem 3 eru tilnefndir af stjórn VR á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund VR og að því loknu eru **3 aðalmenn og 2 varamenn kosnir af Öldungadeild VR allir 8 til tveggja ára**. Að auki situr formaður VR jafnan í Öldungaráði VR með fullan atkvæðarétt.

### **6.gr.**

Öldungaráð VR fundar annan hvern mánuð eða oftari ef þurfa þykir. Ráðsmenn koma áfram hugmyndum Öldungadeildar VR til stjórnar félagsins til nánari ákvörðunar og framkvæmdar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 21:50.